

## Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 956 (24.9.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024

**Málsnúmer** : 202005082

**Málsaðili** : Fjármála- og stjórnsýslusvið

**Niðurstaða (stutt)** :

**Fundardagur** : 24.09.2020

**Inngangur** : a) Endurskoðun á tímaramma

Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs fóru yfir stöðu mála hvað varðar vinnu við fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun 2022-2024 og leggja til að skilum á tillögum á starfs- og fjárhagsáætlun verði seinkað um eina viku eða til og með 6. október n.k. til að fagráðin og starfsmenn hafi meira svigrúm til að fjalla um innsend erindi.

b) Beiðnir um viðbótarstöðugildi, sbr. starfs- og kjaranefnd.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir samantekt hvað varðar beiðnir stjórnenda um viðbótarstöðugildi 2021.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið til annarra starfa kl. 15:05.

c) Frá sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs; Myndavélakerfi - á að fara í 2020 eða síðar

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs kynnti kostnað við myndavélakerfi við Dalvíkurskóla með vísan í vangaveltur byggðarráðs um hvort brýnt sé að setja upp myndavélar við skólann fyrr en seinna.

d) Drög að rekstraryfirliti 2021

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs kynnti drög að rekstraryfirliti 2021 miðað við samþykktan fjárhagsramma, launaáætlun 2021 og áætlaðar millifærslur.

**Niðurstaða** : a) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda tillögu að breytingum á tímaramma fjárhagsáætlunarvinnu þannig að skil á tillögum að starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun 2022-2024 ásamt fylgigögnum verði 6. október n.k.  
b) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela sveitarstjóra að svara stjórnendum í samræmi við áherslur byggðarráðs og upplýsingar sem kynntar voru á fundinum.  
c) Byggðaráð telur að kostur sé að setja upp myndarvélar fyrr en seinna og felur sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs að skoða málið áfram.  
d) Lagt fram til kynningar.